


Nr.: VNL-106	Tækniskólinn	Tækniskólinn skóli atvinnulífsins 
Útgáfa: 6.0		
Dags: 26.09.2013	2. Framvinda áfanga - miðannarskýrsla	
Höf: TA		
Ábm: Skólameistari		
Síða 1 af 1		

1. Tilgangur

Þessi vinnulýsing lýsir í stuttu máli hvað skólastjóra ber að hafa í huga þegar hann metur framvindu hvers áfanga um miðja önn, eins og kemur fram í [VKL-106](#) Heildarstjórnun náms. Þessi **miðannarskýrsla** gefur stjórnendum skólans tækifæri til að leiðrétta ef nauðsynlegt þykir útfærslu kennslunnar á meðan kennsla stendur enn yfir á viðkomandi önn.

2. Gildissvæði (umfang)

Þessi vinnulýsing gildir fyrir alla áfanga skólans sem falla undir [VKL-106](#) um heildarstjórnun náms.

3. Ábyrgð

Skólastjóri ber ábyrgð á að kennsla áfanga á sínu skóla fari fram samkvæmt gæðamarkmiðum og gildandi verklagsreglum.

4. Framkvæmd

Í **miðannarskýrslu** meta skólastjórar framvindu áfangans m.a. í ljósi kennsluáætlunar gegnum gerð miðannarskýrslunnar og mögulega niðurstöðu kennslumats. Hann skilar skýrslu til skólameistara skv. eyðublaði [GAT-020](#) fyrir hvern áfanga. Skólameistari metur framvindu áfanga sem skólastjórar kenna. Skólastjóri í samráði við skólameistara ef þörf krefur, **ákvarðar hugsanlegar aðgerðir** til umbóta/úrþóta. Nánar er unnið úr þessu hér að neðan.

4.1 Forsendur

Ein af forsendum þess að ná gæðamarkmiðum um ánægju viðskiptavina og yfirfærða þekkingu til þeirra, er stöðug vöktun og þar af leiðandi hugsanleg leiðrétting á útfærslu kennslunnar.

4.2 Undirbúningur

Miðannarskýrslu skulu unnar í beinu framhaldi af kennslumati skólans og miðannarmati sem getið er í starfsáætlun skólans fyrir hverja önn. Skólastjóri útskýrir fyrir sínum kennurum að tilgangur skýrslunnar sé að vinna að stöðugum umbótum á kennslu, og að þetta eigi að vera uppbyggjandi skýrsla sem gefi kennurum, nemendum og honum sjálfum mikilvægt tækifæri til að gera enn betur það sem þegar er gott. Að lokum setur skólastjóri upp tímaáætlun fyrir framkvæmdina.

4.3 Framkvæmd

Skólastjóri kallar kennara til fundar og fer yfir alla þá áfanga sem kenndir eru á yfirstandandi önn. Hann fyllir út ásamt sínum kennurum eyðublaðið [GAT-020](#) Miðannarskýrsla skólastjóra fyrir hvern áfanga.

4.4 Rýni og úrbætur

Skólastjóri rýnir skýrslurnar og kallar skólameistara til ef þörf krefur, og metur þörf á aðgerðum og úrbótum sem fylgt er eftir með færslu í málaskrá eða beiðnakerfi skólans.

5. Tilvísanir í skjöl

- [VKL-106](#) Heildarstjórnun náms
- [GAT-020](#) Miðannarskýrsla skólastjóra (niðurstöður)

6. Viðeigandi skrár

- Mappa merkt **Útskrift áfanga** (getur jafnframt verið á rafrænu formi) á skrifstofu viðkomandi skólastjóra.
- Málaskrá skólans.